

Til Umhverfisstofnunar v/umsóknar um nýtt starfsleyfi. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft för með sér mengun.

Rifós hf. í Kelduhverfi sveitarfélaginu Norðurþingi.

10 a.

Rifós hf. Kt. 500692-2869 rekur lax og bleikjueldi í sjávarlóni um 1,5 km. frá sjó í sjókvíum og hefur yfir að ráða 61.000 m³ eldisrými. Eldið fer fram í ísöltu vatni, selta er frá 16-25 % efst er þó ferskvatnsfilma 2-4 m.

Lónin eru um 5 km² að flatarmáli og 10.000³ viðstöðutími vatnsins er því afar stuttur. Öll seiði sem fara út í Lónin eru bólusett gegn hitraveiki, kýlaveikibróður, víbríuveiki og vetrasárum.

Engin lyf eru notuð í eldinu.

{Athugasemd Umhverfisstofnunar: Auk þess sem hér er rakið upplýsti Rifós hf. að fenginni athugasemd Umhverfisstofnunar, í tölvupósti þann 24. nóvember 2010, að óskað er eftir því að starfsleyfið muni, auk þess sem hér greinir, ná yfir sláturhús og seiðaeldisstöð fyrirtækisins.}

10 b.

Ekki er fyrirbyggjandi deiliskipulag fyrir svæðið.

10 c.

Rifós hf rekur fiskvinnsluhús sem er undir eftirliti Fiskistofu og Matís og hefur útflutningsleyfi númer is.35602 það stendur á hæð fyrir ofan höfnina um 35 metra frá lóninu að sunnanverðu. Um nánari lýsingu vísa ég til Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hjá Rifós hf.

10 d.

Orka sem notuð er í fiskvinnsluhúsi er rafmagn þ.e. öll tæki sem þar eru notuð eru rafknúin. Hjálparefni eru þvotta og hreinsiefni frá Tandri hf. Hesthálsi 12, 110 Reykjavík og af því er ég best veit samþykkt af Umhverfisstofnun.

Nr. 279 TK – 17 klórsápa

Nr. 76 TK - 940 þvottaefni

Nr. 51 TS – sóttthreinsir fyrir færribönd vinnuborð og vélar (úðunarefni)

Nr. 165 klór 15%

Sanol sóttthreinsiefni fyrir hendur

Satin handþvottakrem

10 e.

Allur fljótandi úrgangur (vatn blóðvatn) frá vinnslu fer í gegnum fitugildru og þaðan í settjörn og jarðveggssíu (möl og sand) áður en það berst út í lónin. Fyrir snyrtingar og kaffistofu er rotþró. Allur fastur úrgangur frá kaffistofu fer í sorpgám. Fitugildra og rotþrær er losað minnst tvisvar á ári.

Varðandi lið 10-e-f-g-h.

Rifós hf. hefur óskað eftir að á vegum Náttúrstofu Norðausturlands verður sett upp vöktun á áhrifum starfsemi Rifóss hf. á lífríki og umhverfi starfsseminnar.

{Athugasemd Umhverfisstofnunar varðandi liði 10.d og 10.e: Auk þess sem hér er rakið upplýsti Rifós hf. að fenginni athugasemd Umhverfisstofnunar, í tölvupósti þann 24. nóvember 2010, að fyrirtækið óskar eftir því að fá leyfi til þess að nota málningu sem inniheldur koparoxíð sem ásætvörn, en slík notkun er óheimil án heimildar í starfsleyfi, sbr. grein 7.2 í reglugerð nr. 786/1999, um varnir gegn mengun vatns. Í þessu sambandi er rétt að áréttta að strandsjór telst til yfirborðsvatns og að yfirborðsvatn heyrir undir gildissvið reglugerðarinnar.}

10 i.

Úrgangi frá fiski það er skít og fóðurleyfum er dælt út í affall þ.e. ytra lónið þar sem það berst með útfalli til sjávar. Öllum dauðum fiski er safnað daglega og (mjög fáir fiskar) og settur í slógtank um 1,0 km. frá lóninu þar er blandað í biomeshtvata (ensym) frá Tandri hf. og látið meltast. Hefur verið notað í landgræðslu og sem áburður í flög. Úrgangur frá sláturhúsi, hausar,slóg og dálkar hefur verið sendur til Eldisfóðurs hf. á Vopnafirði til Refafóðurs.

Umbúðum utan af fóðri plastsekkjum er safnað í gám og eytt hjá sorpeyðingu Norðurþings. Spilliefni sem er fyrst og fremst úrgangsolía er einnig eytt þar.

10 k.

Ákveðið hefur verið að setja upp vöktun á hrifum fiskeldisins á lífríki og umhverfi starfsseminnar. Munu þar koma að líffræðingar frá Náttúrustofu norðausturlands. Þar koma að verki Þorkell Lindberg Þórarinsson forstöðumaður og Aðalsteinn Örn Snæþórsson líffræðingur, munu þeir ákveða tilhögun og umfang verksins.

10 3.

Eins og fram kom í beiðni Rifós hf. um stækkun á starfsleyfi úr 700 tonnum í 1000 tonn hefur verið fjárfest í viðeigandi búnaði svo sem þjónustubát og fiskvinnsluvélum til að anna þeirri framleiðslu. Þá hafa allar nætur í kvíum verið endurnýjaðar á s.l. 3 árum. Þá hefur verið unnið að endurbótum á öllu framleiðsluferlinu frá seiðum að lokaafurð og ráðstöfun úrgangs til fóðurframleiðslu. Ennfremur verður sett upp líffræðileg vöktun og umhverfiseftirlit á starfssvæði Rifóss hf. Þá hefur verið gerð viðbragðsáætlun og áhættumat vegna bráðamengunarmengunar og keypt viðeigandi trygging hjá váttryggingafélaginu Verði .